


Berkjuómspeglun



Mynd: Berkjuómspeglun.

Hvað er berkjuómspeglun?

Berkjuómspeglun er rannsókn á stærri loftvegum lungna og aðliggjandi líffærum svo sem eitlum. Í spegluninni eru stærri loftvegir skoðaðir að innanverðu en auk þess er notuð ómtækni, svipuð þeirri sem notuð er við ómskoðun af hjarta og fósturskoðun, til að meta aðlæg líffæri og umhverfi. Með þessari tækni er hægt að taka sýni úr loftvegum og aðliggjandi eitlum eða óeðlilegum þéttingum í vefjum.

Undirbúningur

Þú þarft að fasta frá miðnætti kvöldið fyrir rannsóknina bæði á mat og drykk. Reykingar eru ekki æskilegar. Taka má lyf að morgni með litlum vatnssoða og nota innöndunarlyf nema læknir hafi ráðlagt annað.

Vinsamlega láttu lækni eða hjúkrunarfræðing á speglunardeild vita með viku fyrirvara ef þú tekur blóðþynnandi lyf.

Hafðu lyfjalistann þinn meðferðis þegar þú mætir í rannsóknina. Nauðsynlegt er að láta vita ef þú ert með ofnæmi fyrir lyfjum eða öðru. Starfsfólk speglunardeildar þarf einnig að fá upplýsingar um sjúkdóma sem þú kannt að hafa.

Hvernig fer skoðunin fram?

Flestir koma að heiman í rannsóknina og mæta á dagdeild 13D á Hringbraut til undirbúnings. Í einstaka tilfellum eru sjúklingar þegar innliggjandi á spítalanum og koma þaðan á speglunardeild. Læknir eða hjúkrunarfræðingur, útskýrir rannsóknina fyrir þér og óskar eftir skriflegu samþykki fyrir rannsókninni við komu. Klæðast þarf sjúkrahúsfötum meðan á rannsókninni stendur. Æðaleggur fyrir lyfjagjafir er settur í handarbak.

Rannsóknin er annað hvort framkvæmd í svæfingu eða með staðdeygingu í kok. Lyf eru gefin í æð til slökunar og verkjastillingar eftir þörfum. Súrefni er gefið með plastslöngu í nef ef það er talið nauðsynlegt. Ef þú ert með lausa góma þarf að fjarlægja þá.

Speglunin er gerð með sveigjanlegri slöngu (ómspeglunartæki) sem rennt er í gegnum munn niður í lungu. Stærri loftvegir eru fyrst skoðaðir en síðan eru aðliggjandi eitlar og þéttingar í vef rannsakaðar og stærð mæld með ómtækinu. Sýni eru tekin ef það þykir nauðsynlegt. Speglunin sjálf tekur oftast 30-60 mínútur í heildina.

Speglunin er sársaukalaus en sumir finna fyrir klígu og óþægindum þegar tækinu er rennt inn í loftveginn. Það auðveldar speglunina ef þú andar hægt og rólega, reynir að slaka á og hóstar sem minnst.

Eftir speglun

Ef rannsóknin var gerð í svæfingu er ferðu á vöknunardeild meðan þú ert að jafna þig eftir svæfinguna. Þaðan ferðu aftur á dag- eða legudeild. Tveimur klukkustundum eftir lok speglunar og þegar áhrif staðdeyfingar í koki eru horfin má drekka vatn og síðan borða.

Þeir sem koma á dagdeild fara heim samdægurs ef allt gengur vel. Ekki má aka bifreið þann sólarhringinn (í 24 klst.) vegna lyfja sem gefin voru. Hjá þeim sem dvelja á legudeild eru næstu skref ákveðin í samráði við lækni legudeildar.

Yfirleitt fylgja lítil óþægindi berkjuómspeglun en eymsli í koki, hæsi og aukinn hósti eru algengust. Einnig gætir þú hóstað upp blóðlituðu slími fyrst á eftir og fundið fyrir hitavellu að kvöldi speglunardags. Þessi einkenni ættu að dvína dagana eftir rannsókn. Ef hiti er til staðar má taka parasetamól eða annað hitalækkandi lyf.

Fylgikvillar

Fylgikvillar sem geta komið fram eftir berkjuómspeglun eru blæðing, sýking í eitlum og loftbrjóst eftir ástungu en þeir eru þó afar sjaldgæfir.

Leitaðu án tafar á bráðamóttöku, ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Sár brjóstverkur
- Hár hiti, hærri en 38,2°C
- Miklu fersku blóði er hóstað upp

Í neyðartilfellum er hringt í 112

Eftirfylgni

Niðurstöður speglunar og sýnatöku færðu hjá þeim lækni sem óskaði eftir rannsókninni. Alltaf þarf að bíða í nokkra daga eftir niðurstöðu sýnatöku.

Símanúmer

Speglunardeild 11D er staðsett á Landspítala við Hringbraut. Hún er opin virka daga frá kl. 08:00-16:00, sími: 543 6150. Ef erindið getur ekki beðið til næsta dags er leitað á bráðamóttöku.

Velkomið er að leita til starfsfólks speglunardeildar ef þér líður illa við lestur þessa fræðsluefnis, eitthvað er óljóst eða spurningar vakna.